

Listi yfir gögn sem þú þarft að leggja fram hjá Útlendingastofnun vegna beiðni um lausn frá íslensku ríkisfangi

Nafn: _____

Kennitala: _____

Svona gerir þú

- Prentar út þennan gátlista og viðeigandi umsóknareyðublað.
- Safnar saman gögnum, hakar í viðeigandi box í gátlista fyrir fylgigögn umsóknarinnar og raðar gögnunum í sömu röð og á gátlista.
- Skoðar spurningarnar við fylgigögnin og veltir því fyrir þér hvort þú sért að gera einhver af algengustu mistökum vegna fylgigagna.
- Leggur fram þennan gátlista, umsóknina og fylgigögnin hjá Útlendingastofnun eða sendir í bréfpósti á neðangreint heimilisfang.

Það er á þína ábyrgð að leggja fram öll gögn sem eru á listanum. Ef öll gögn eru ekki lögð fram hjá Útlendingastofnun með umsókninni getur það orðið til þess að afgreiðslan tefst eða umsókninni verður synjað.

Þú þarft að leggja fram **staðfest afrit af frumritum** allra vottorða sem eiga við um þína umsókn.

Þú þarft að láta fylgja með staðfest afrit eða frumrit **þýðingar löggilts skjalabýðanda** á erlendum vottorðum sem eru á öðrum tungumálum en ensku eða Norðurlandamáli. Það er á þína ábyrgð að fá þýðingu og borga fyrir hana.

Heimilisfang Útlendingastofnunar:

Útlendingastofnun
Dalvegi 18
201 Kópavogi

Gögn sem allir umsækjendur þurfa að leggja fram (18 ára og eldri)
Pú þarft að haka við þau gögn sem þú leggur fram með umsókninni

1. Umsókn um lausn frá íslensku ríkisfangi

-Fylltir þú út alla reiti í umsókninni og svaraðir öllum spurningum?
-Gleymdir þú að skrifa undir umsóknina? Athugaðu að það er verið að biðja þig um undirskrift (e. signature).

2. Afrit íslensks vegabréfs

-Rithandarsýnishorn vegabréfs þarf að fylgja með.

3a. Staðfest afrit af frumriti fæðingarvottorðs

-Gættu að því að frumrit vottorðsins þarf að vera staðfest ('apostille' vottun eða tvöföld staðfesting). Þetta á þó ekki við um íslensk fæðingarvottorð.
-Þú átt ekki að leggja fram frumritið, heldur leggur þú fram staðfest afrit af frumritinu. Staðfest afrit er afrit sem hefur verið stimplað af opinberu yfirvaldi í heimaríki eða sýslumanni hérlendis.

3b. Staðfest afrit eða frumrit þýðingar löggilts skjalabýðanda á

fæðingarvottorði (ef erlend vottorð eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli)

-Gættu að því að þýðingin verður að vera unnin af löggiltum skjalabýðanda.
-Löggiltur skjalabýðandi þarf ekki að staðsettur á Íslandi, löggilding erlendis frá er viðurkennd á Íslandi.

Gögn sem umsækjendur gætu þurft að leggja fram (18 ára og eldri)
Pú þarft að haka við þau gögn sem þú leggur fram með umsókninni

1. Afrit erlends vegabréfs

2. Vottorðið 'Lögheimilissaga - án heimilisfanga, en lönd tilgreind' frá Þjóðskrá Íslands

-Athugið að eingöngu þarf að leggja fram þetta vottorð ef búseta er á Íslandi.

Gögn sem allir umsækjendur þurfa að leggja fram ef sótt er um lausn fyrir barn umsækjanda (yngri en 18 ára)

1. Afrit úr íslensku vegabréfi barns

-Rithandarsýnishorn vegabréfs þarf að fylgja með.

2a. Staðfest afrit af frumriti fæðingarvottorðs barns

-Gættu að því að frumrit vottorðsins þarf að vera staðfest ('apostille' vottun eða tvöföld staðfesting). Þetta á þó ekki við um íslensk fæðingarvottorð.

-Þú átt ekki að leggja fram frumritið, heldur leggur þú fram staðfest afrit af frumritinu. Staðfest afrit er afrit sem hefur verið stimplað af opinberu yfirvaldi í heimaríki eða sýslumanni hérlendis.

2b. Staðfest afrit eða frumrit þýðingar löggilts skjalabýðanda á

fæðingarvottorði barns (ef erlend vottorð eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli)

-Gættu að því að þýðingin verður að vera unnin af löggiltum skjalabýðanda.

-Löggiltur skjalabýðandi þarf ekki að staðsettur á Íslandi, löggilding erlendis frá er viðurkennd á Íslandi.

Gögn sem umsækjendur gætu þurft að leggja fram ef sótt er um lausn fyrir barn umsækjanda (yngri en 18 ára)

1. Samþykki forsjáraðila (ef báðir foreldrar fara með forsjá barns)

-Ef báðir foreldrar fara með forsjá þurfa þeir að gefa samþykki sitt fyrir því að barnið hljóti lausn frá íslensku ríkisfangi með undirritun á umsókn.

2. Forsjargögn (ef annað foreldri fer með forsjá barns)

-Ef annað foreldrið fer með forsjá barnsins þarf að leggja fram staðfest afrit gagna ('apostille' vottun eða tvöföld staðfesting) sem sýna fram á hver fari með forsjá barnsins. Ef gögnin eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli, þarf einnig að leggja fram staðfest afrit eða frumrit þýðingar löggilts skjalabýðanda á gögnunum.

3. Samþykki barns á aldrinum 12-18 ára

-Barn á aldrinum 12-18 ára þarf að samþykkja að það hljóti lausn frá íslensku ríkisfangi með foreldri með undirritun á umsókn.